



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2023

HÖTE3HE05

Hönnun og endurvinnsla

Kennari:	Guðbjörg Bergsveinsdóttir	GB
----------	----------------------------------	-----------

Áfangalýsing:

Nemendur vinna textílverkefni út frá og upp úr eldri textíl, má blanda með nýju efni. Þemað er "Sjálfbærni í tísku". Kennari leggur inn verkefni tengd tísku og endurvinnslu. Nemendur skoða föt sem þeir eiga og athuga hvort það sé hægt að nýta það til að fá hugmyndir og vinna sín verkefni meira og minna sjálfstætt í tímum og í samvinnu við kennara. Farið verður í vettvangsferð tengdar gömlu og nýju, t.d. í Nytjamarkaðinn á Selfossi. Nemendur kynna sér fatasöfnun og uppbyggilegar hliðar á endurvinnslu fyrir umhverfið og fjárhag almennt.

Undanfari: HÖTE2HU05

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Hugmyndavinnu
- Undirbúningi verkefna
- Notkun verkýsinga
- Einfaldri sniðagerð
- Störfum samtaka eins og t.d. Nytjamarkaðarins á Selfossi

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Skrá hugmyndir á myndrænan hátt
- Vinna eftir verklýsingu
- Skrá verklýsingu jafnóðum og verk er unnið
- Skila samband milli hugmynda, hráefnis, tækni, aðferða og niðurstöðu
- Skilja einfalda sniðagerð
- Skilja út á hvað endurvinnsla gengur

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Geta komið hugmyndum sínum á blað
- Vinna eftir verklýsingu
- Útbúa eigin verklýsingu
- Nota einföld snið og breyta þeim eftir eigin þörfum
- Vinna verkefni frá hugmynd að tilbúnu verki

- Nýta sér almenna þekkingu á endurvinnslu, að hafa skilning á mikilvægi hennar fyrir samfélagið sem heild og út frá því að skapa eitthvað nýtt og nýtilegt

Námsefni:

- Skoðun á efnivið sem fyrir hendi er í skólanum sjálfum og kennari leggur fram í upphafi annar. Efniviður í gerð hugmyndamöppu og hugmyndavinnu. Bækur, blöð, bókasafn í nágrenni og efni í netheimum. Safn notaðra og nýrra textíla, fatnaðar, efnalagers og 'halda tengdum hinum ýmsu greinum fata- og textílgerðar.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1 - 3	18. ágúst - 1. september	Kennsla hefst fös. 18. ágúst. Kynning og skipulag Hugmyndavinna tengd þemanu Vettvangsferð Kynning á samvinnuverkefni	Gunnur að vinnumöppu
4 - 7	4. september - 29. september	Skissuvinna Snið og sniðbreytingar Afmæli FSu – 42 ára, mið. 13. september.	
9 - 12	2. október - 5. nóvember	Haustfrí 12. - 13. október. Valdagur, mið. 18. október. Miðannarmat, lokaskil fös. 20. október. Netverkefni	
13 - 16	6. nóvember - 3. desember	Lokafrágangur og verkefnaskil Dimisjón, fös. 1. desember.	Lokaskil

17 - 19	4. desember - 24. desember	Síðasti kennsludagur mið. 6. desember. Námsmatsdagar 7. - 13. desember. Sjúkrapróf 14. desember. Brautskráning fös. 21. desember.	
---------	-------------------------------	-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	--

Sérreglur áfangans:

- Efnisgjald 8.000.- greiðist í heimabanka
- Innifalið í efnisgjaldi er: Efni í vinnuöppu byggð á endurvinnslu, pappír í möppugerð og millispjöld, efni í saumprufur, plastvasar eftir þörfum, sníðapappír, tvinni í algengustu litum, vasafóður, rennilásar í prufur, flíselín og fleira. Afnot af textíllager deildarinnar.
- Ný og /eða nýleg sníðablöð, ásamt öllum þeim áhöldum og tækjum sem nota þarf í áfanganum
- Nemendur þurfa að útvega sér efni eða gömul föt til að vinna með
- Athugið varðandi símat: Jafnvel þótt nemandi sé komin með einkunina 5 í símati, er nauðsynlegt að skila að lágmarki einni tilbúinni flík/nytjahlut og vinnuöppu til þess að ljúka áfanga

Námsmat:

Símat og sjálfsmat: Mæting og virkni í tímum er skráð í sameiginlega dagbók hópsins. Verkefnaskil eru skráð og yfirfarin af kennara. Í annarlök vreða skoðuð nánar atriði eins og frágangur og vinnubrögð við saum á flík eða nytjahlut.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfoss 15. Ágúst 2023

Guðbjörg Bergsveinsdóttir